

Framangreind undanþága tekur einnig til viðskiptasöluskatts.

Vafatilfelli ber að leggja fyrir ráðuneytið.

Það athugist, að framangreind tollundanþága nær ekki til áfengis- og tóbaksvara fram yfir það magn, sem heimilt er að flytja til landsins tollfrjálst í samræmi við reglur, sem gilda fyrir ferðamenn.

Framangreind ákvæði gilda jafnt þó innflutningurinn sé fluttur til landsins á annan hátt en farþegafarangur.

Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1969.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþúsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast sveitarstjóri, eða annar maður, sem hreppsnefndin felur það. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarstjóri annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins 1% — einn af hundraði — af fasteignamatsverði húseignanna árlega. Lágmarksverð skal vera kr. 100.00 á hverja íbúð.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandasýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Suðurfjarðahreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.

1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini.

2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta, skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heimilt að veiða ufsa með ufsanót (smáriðinni). Ef öðrum fiski (þorsk og ýsu) er landað úr slíkrí veiðiferð má hann ekki nema meirur en 25% af aflamagni. Fáir fiskiskip kast, sem bersýnilega er að mestu smáfiskur, skal skipstjóra skylt að sleppa fiskinum þegar í stað úr nótinni. Fiskmat ríkisins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt.